# Staðsetning vatnshæðarmæla.

Nú er vatnamælingarnar fá endanlegt fast form er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvaða spruningum um eðli vatna á Íslandi þær koma til með að þurfa að svara og hvernig hin ýmsu hlutverk mælinganna verði bezt leyst.

Þýðingar mesta verkefnið er mælingar í sambandi við orkunýtingu. Þeim vatnshæðarmælum, sem nú eru stafræktir hefur þess vegna verið komið upp í þeim vatnsföllum, sem hagstæðust virðast til virkjunar. Þannig mun vhm. einnig verða valdir staðir í framtíðinni. En það er nauðsynlegt að vhm. verði dreift sem jafnast niður um landið, eða eins og byggð og aðrar aðstæður leyfa. Með því móti fæst heilsteypt þekking á hydrologiskum eiginleikum hvers landshluta og þá um leið landsins í heild. Og þá yrði áður en langt um liði t.d. hægt að teikna kort af landinu sem sýndi meðalrennsli l/sek. pr. km$^2$.

Við staðsetningu vhm. þarf að taka tillit til þess að ár landsins eru mjög ólíkar. En af því leiðir að hér þarf fleiri vhm. en ella hefði verið. Ánum er skipt í tvo höfuðflokka: Jökulár og bergvatnsár. Bergvatnsánum má svo greina í lindaár og dragár. Dæmi um lindaár ~~má~~ nefna Rangárnar, en sem dragá má benda á Gönguskarðsá, Skagafirði. Þótt dragá og lindaá liggi saman gefa vatnamælingar annara nær engar upplýsingar um hina.

Ef eftirfarandi ár yrðu mældar og það óslitið , ættu hydrologiskir eiginleikar landsins að koma fram.

| Tala | Nafn | Athugasemd |
|---|---|---|
| 1 | Botnsá, Hvalfirði | Er mæld |
| 2 | Andakilsá, Borgarfirði | Er mæld |
| 3 | Hvítá, Borgarfirði | – ✓ |

| Tala | Nafn | Athugasemd |
|---|---|---|
| 4 | Hoffjarðará, Mýrasýslu | V |
| 5 | Straumfjarðará, Snæfellsnesi | Er mæld |
| 6 | Fossá, Ólafsvík | Er mæld |
| 7 | Haukadalsá, Dalasýslu | Er mæld |
| 8 | Búðará, Dalasýslu | Er mæld |
| 9 | Geiradalsá, Barðaströnd | |
| 10 | Dynjandisá, Arnarfirði | Er mæld |
| 11 | Mjólká, " | Er mæld |
| 12 | Langa, Engidal, Ísafj. | V |
| 13 | Þverá, Ísafj. djúp | Er mæld |
| 14 | Hvalá, Ströndum | V |
| 15 | Þverá, Steingrímsfirði | Er mæld |
| 16 | Víðidalsá, Húnavatnssýslu | Er mæld |
| 17 | Vatnsdalsá " " | Er mæld |
| 18 | Laxá, Ásum | Er mæld |
| 19 | Blanda, Hunavatnssýslu | er |
| 20 | Svartá, Skagafirði | Er mæld |
| 21 | Gönguskarðsá Skagafirði | Er mæld |
| 22 | Héraðsvötn " | |
| 23 | Fljótaá " | Er mæld |
| 24 | Garðsá, Olafsfirði | Er mæld |
| 25 | Glerá, Akureyri | er |
| 26 | Fnjóská S-Þing | |
| 27 | Skjálfandafljót S-Þing | |
| 28 | Laxá, S-Þing | Er mæld |
| 29 | Jökulsá á Fjöllum | Er mæld |
| 30 | Smjörhólsá í Axarfirði | Er mæld |

| Tala | Nafn | Athugasemd |
|---|---|---|
| 31 | Sandá, Þistilfirði | Er mæld |
| 32 | Selá eða Hofsá, Vopnafirði | |
| 33 | Jökulsá á Brú | |
| 34 | Bessastaðará, Fljótsdal | Er mæld |
| 35 | Lagarfljótið | Er mæld |
| 36 | Grímsá, Skriðdal | Er mæld |
| 37 | Fjarðará, Seyðisfirði | Er mæld |
| 38 | Breiðdalsá, Breiðdal | Er mæld |
| 39 | Jökulsá í Lóni | |
| 40 | Laxá, Nesjum | |
| 41-43 | Ár sunnan Vatnajökuls | Ef unnt er að mæla |
| 44 | ~~Skeiðará, Skeiðum~~ | |
| 45 | Kúðafljót | |
| 46 | Skógá, Eyjafjöllum | Er mæld |
| 47 | Merkjá, Fljótshlíð | Er mæld |
| 48 | Eystri-Rangá, Rangárvellir | |
| 49 | Ytri-Rangá " " | |
| 50 | Þjórsa | Er mæld |
| 51 | Rennslið úr Þórisvatni | |
| 52 | Hvítá | Er mæld |
| 53 | Brúará | Er mæld |
| 54 | Tungufljót | |
| 55 | Sogið | Er mæld |
| 56 | Varmá, Hveragerði | |
| 57 | Elliðaár | Er mæld |

Reykjavík, 18. júlí 1949